

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Böggull V

Böggull 8-I

Apógröf nr. 4385-4388

Jardakaup og sölur vegna mad(am)me Þuridar Sæmundardottur 1712. [m.h. AM]

Vid underskrifader Arne Magnusson Professor i universitetenu i Kaupenhavn samt kongl. Majst Archiv-Secreterer og Gudmundur Pálsson Soknarprestur ad Koltryiustad i Faskrudsfirde, giórum hier med vitanlegt, ad eg Arne Magnusson i Skriflegu umbode Ehrugófugrar heidurskvinnu, Þuridar Sæmundzdottur Sel og til eignar fæ Heidurlegum Kiennemanne Sr Gudmunde Paalssyne alla halfa jórdena Kirkiuböl i Stóðvarfirde xii hndr. ad dyrleika, med óllum þeim gógnum og giædum til Landz og siafar, sem greindre halfre jórdu Kirkiuböle fylgia til Landz og siafar, sem greindre halfre jórdu Kirkiuböle fylgia, edur fylgia eiga med riettu, óllu tilteknu enn ongu fraskildu, það framast velnefnd Þuridur Sæmundsdötter er eigande ad ordin.

Hier ä möt Sel eg Gudmundur prestur Pálsson og til eignar fæ adurskrifadre heidurs kvinnu Þuride Sæmundzdottur Jórdena alla Arnkótlustade xv hndr. ad dyrleika, er liggur i Holltamanna hrepp i Rängarþinge, med óllum þeim gógnum og giædum, eignum og itókum sem greindre Jórdu fylgia og fylgia eiga med Riettu efter því sem eg er framast eigande ad ordenn.

Framar skal Velnefnd Þuridur Sæmundzdotter med nefndre Jórdu Arnkótlustodum betalingslaust eignast iij Málnytu kugillde sem þar nu i innstædu eru gilld og leigufær, og ä þessu næstkomande hauste leigur efter þau eignast og uppbera.

Hier ad auke gief eg Gudmundur Prestur Pálsson mille Jardanna tuttuugu og fimm Rixdale in Specie og afhende þä nu Veledla og Hälærdum Hr Professor Arna Magnussyne, Hveria 25 Rixdale in Specie eg adurskrifadur Arne Magnusson vegna optskrifadrar Þuridar Sæmundzdottur medteked hefe og hennar vegna fyrer þä til fullnadar qvitera. Skal hvert kaupandanna nu strax eignast og ad sier taka þä Jórd er kauper, og i næstu fardógum uppbera þä Landskulld er þar af gialldast ä. Brief þau og skiól sem sierhvert salanna hafa kann fyrer þeirre Jórdu sem nu selur skulu med fyrstu hentugleikum upp ä göda tru sendast Sierhveriu kaupandanna, og skal hvert hallda til laga þeirre Jórdu sem nu kauper, enn Hitt Svara lagariptingum er selde ef med lógum afgeingur. Ad þessu ollu so fyrirskildu; tokum vid Arne Magnusson i umbode – optskrifadrar Þuridar Sæmundsdottur, og Gudmundur prestur Pálsson, siälfs mins vegna, hóndum saman til styrkingar þessum ockrum giórninge og Jardakaupum i Nærveru þeirra votta sem vid hier tilkallad hófum, og Sin Nófn äsamt ockrum hier under skrifa i Skälhollte i Biskupstungum þann 27 Julii Anno Christi 1712

Arne Magnusson Gudmundur Paalsson

Pall Jonsson Widalin mpp Þordur Þordarson

Þorgils Sigurdsson Páll Häkonarsson

Þetta ad vera riett Copierad efter originalnum vottum vier underskrifader i Skalhollte þann 10. Septembris Anno 1712.

Hakon Hannesson Gisle Biarnason Bódvar Pálsson

Kaupbref fyrir Arnkótlustódum [Á bakhlið m.h. AM]

Af þessum 25 Rixdlum in specie, skilde eg epter í Skálhólte í 7bri 1712 Orme Dadasyne til medtóku, 17 Rixdle specie, hina 8 Rixdle specie tok eg til min í skuldaskipte ockar Þuridar Sæmundzdottur, so sem eg ä ódrum sedle annoterad hefe. Vænte eg so fra Orme eda Þuride q(vi)teringar uppä alla þessa 25 Rixdle, so sem til fullz leverada. [m.h. AM]

Eg underskrifud Þuridur Sæmundsdötter bid med þessum brefsordum VelEdla og halærdann Hr Professor Arna Magnusson og hónum lóglegt ummbod tilgief ad selia þær jarðer sem eg ä i Austfiórðum i Vopnafirde og Fäskrudzfirde, hveriar minar jarðer sókum fiarlægðar mier so mióg til бага liggia. Treiste eg hónum til jarðernar so ad selia ad mier sem Skadaminst verde, enn lofa það stóðugt ad hallda sem hann i þessu minu ummbode giórande verður. Til Stadfestu set eg mitt nafn og Signet hier under ad Haukadal i Biskupstungum þann 18. Junii Anno 1712.

Þuridur Sæmundardötter L.S.

Umbod fra Þuride Sæmundzdottur. [Á bakhlið m.h. AM]

Eg underskrifadur gief med Krafte þessarra brefsorda VelEdla og VelEhruverdugum Hr biskupenum Mag. Jone Thorkelssyne Widalin, mitt fullkomed ummbod til ad medtaka af Sira Gudmunde Pälssyne i Koltryustad þä 295 Rixdale in Specie, sem nefndur Sr Gudmundur Pálsson skyllidugur er Ehrugófulgre Heidurs kvinnu Þuride Sæmundsdottur ad Flatey, og betalast eiga hier j Skálhólte ä þessu Hauste 1712. Skal velnefnds Hr biskupsens qvitantia hier umm i alla stade eins gilld vera, sem være hun utgiefen af siälfre Þuride Sæmundsdöttur. Til stadfestu mitt Nafn og Signet i Skálhólte þann 10. Septembris 1712.

Arne Magnusson L.S.

Eins hlíodandi genpart hefi eg Underskrifadur Medteked til Merkis
J. Thorkelsson Widalin

Ä þessum Innstædu kugilldum er von med Vopnafiardar jórðum, sem Heidurlegur Kiennemann Sr Gudmundur Pálsson nu keypt hefur, Med Strandhófn 1. Med Liösalande 1/2 , Med Büastóðum 1, Med Gróf 1/2, Med Felle 1.

Framar er til vonar ad Syslumadurenn Monsr Biörn Petursson mune hafa sett med Fremre Hlíð 1 Innstædu kugillde og med Gróf ½ kugillde, til þess hálfa sem ädur er nefndt. Skálhólte þann 28. Julii Anno 1712. A.M.

Það giórum við Arne Magnusson, Professor í Universitetenu í Kaupenhafn samt kongl. Majts Archiv-Secreterer, og Gudmundur Pálsson, Soknar-Prestur að Koltrýiustad í Fäskrudsfirde, gödum mónnum Vitanlegt með þessu ockru brefe, að eg Arne Magnusson, epter skriflegu Umbode Ehrugófugar Heidurs kvinnu Þuridar Sæmundsdóttur, hefe sellt og til eignar feinged, og hier með sel og til eignar fæ Heiðurlegum Kiennemanne Sr Gudmunde Pálssyne, Þessar epterskrifadar Jarðer, liggjande í Vopnafirde í Mula Þíng: Strandhófn með Purkugierde xij hndr. að dyrleika, Liösaland vj hndr., Hröallsstade vj hndr., Aslaugarstade iiij hndr., Fremrehlid vj hndr., Büastade xij hndr., Gröf vj hndr. og Fell vj hndr. með óllum þeim gögnum og giædum til lands og Siäfar, sem fyrrskrifudum jórdum fylgia og með riettu fylgia eiga, epter því sem velnefnd Þuridur Sæmundsdóttir er framast eigande að ordinn. Skal Velnefndur Sr Gudmundur Pálsson Þessar ädurskrifadar jarðer nu strax eignast og að sier taka, til allra umräða, äbyrgdar og aftekta, og í þann mäta eignast og uppbera þær leigur sem ä næstkomande Hauste gialldast eiga epter Þessarra Jarða innstæðu Kügillde og sómuleidis Landskulldernar sem í næstu Fardögum 1713 äfalla. Innstæðu kügillden sem nu fylgia þessum ädurskrifudum jórdum skal Velnefndur Sr Gudmundur Pálsson sómuleidis nu strax eignast, enn siälfur í äbyrgd fyrerstanda, hvört þau eru ung edur gömul, gilld edur ogilld, fleire edur færre, so velnefndre Þuride Sæmundsdóttur skal ecke tilkoma neinu þar til að svara, hvörnenn sem um þau kynne ästatt vera.

Hier ä möt lofa eg Gudmundur Prestur Pálsson að giallda og greida Ehrugófugre Þuride Sæmundsdóttur tvö smähundurud nyutige og fimm Rixdale í gödum og gilldum Specie Rixdólum, og þä sómu 295, Rixdale in Specie að läta afhenda hier í Skälhollte, einhverntíma ä næstkomande Hauste ä þessu Are 1712 þeim í hönd sem annadhvert af Veleðla Hr Professor Arna Magnussyne edur ädurskrifadre Þuride Sæmundsdóttur, umbod og fullmagt hefur til að taka ä möte peningunum og mig fyrer þä að qvitera, og skal eg ur Þessare skulld vera þä fyrrsagder peningar hier í Skälhollte afhendter eru, sem ädur er sagt, hvad sem sidar af þeim verður.

Að þessu óllu so fyrerskildu heimila eg fyrrskrifadur Arne Magnusson og afhende adurnefndum heidurlegum kiennemanne Sr Gudmunde Pálssyne fyrrnefndar ätta Jarðer til äfenlegrar eignar upp hiedan, og uppä allan ofan- og framanskrifadan giörning hófum við optskrifader menn Arne Magnusson og Gudmundur Prestur Pálsson handsól hver við annann, í votta vidurvist sem äsamt ockur þetta bref underskrifa í Skälhollte þann 28. Julii Anno Christi 1712

Arne Magnusson Gudmundur Pálsson
Pall Jonsson Widalin Mpp Þördur Þördarson
Þorgils Sigurdsson Páll Häkonarson

Þetta að vera riett Copierad epter Originalnum vottum vier underskrifader í Skälhollte þann 10 7bris 1712 Haakon Hannesson Gisle Biarnason Bódvar Pálsson

[Utanáskrift m.h. AM:] Um Vopnafiardar iardar